



*Safnaðartíðindi*

# Seljasóknar

29. ÁRG. 2. TBL.

September 2008



Glaðir unglingar í æskulýðsfélaginu Sela

**Lesið um  
vetrardagskrá  
Seljakirkju á baksíðu**

## Taktu eftir starfi kirkjunnar þinnar!

Safnaðartíðindin berast á heimilin í Seljahverfinu. Þau eru ein af aðferðunum til þess að minna fólk á starfið sem unnið er í sóknarkirkjunni, því starfi sem allir kristnir íbúar hverfisins bera ábyrgð á, þurfa að taka eftir og taka þátt í. Það er mikið og fjölbreytt starf í Seljakirkju. Þar er fjölsótt af fólki á öllum aldri. Markmið þess starfs er að styrkja einstaklinga í trú og takmörkum, kalla fram ábyrgð hverrar manneskju til hins góða í lífinu. Hverjum

kristnum einstaklingi er nauðsyn á að fylgjast með því starfi og taka þátt í því vilji hann rísa undir því nafni. Hugsaðu um það kristinn íbúi Seljahverfis, taktu eftir starfi kirkjunnar þinnar, taktu þátt í því starfi. Sjáumst við guðsþjónustu í Seljakirkju og biðjum saman.

Valgeir Ástráðsson

## Fastir liðir

### Sunnudagar:

Kl. 11:00 Barnaguðsþjónusta

Kl. 14:00 Guðsþjónusta

Kl. 20:00 Kvöldguðsþjónusta  
- þriðja sunnud. í mán.

Kl. 21:00 AA - opinn fundur

### Mánudagar

Kl. 17:30 K.F.U.K. fundir

Kl. 19:30 AA - sporadeild

Kl. 20:00 Sela - eldri deild

### Þriðjudagar:

Kl. 10:00 Mömmumorgnarnar  
Fermingarfræðsla

Kl. 15:00 Barnakór

Kl. 18:00 Eldri borgarar  
- síðasta þriðjud. mán.

Kl. 20:00 Sela - yngri deild

Kl. 20:00 Fundur kvenfélagsins  
- fyrsta þriðjud. í mán.

### Miðvikudagar

Fermingarfræðsla

Kl. 14:45 Frístundaheimili

Kl. 18:00 Fyrirbænasamverur

Kl. 19:30 Fyrirlestur - Biblíufræðsla  
- annan hvern miðvikud.

kl. 20:00 Seljur, kór kvenfélagsins

### Fimmtudagar:

Kl. 15:00 Barnakór

Kl. 17:30 K.F.U.M. fundir

Kl. 19:00 AA

Kl. 19:30 Kirkjukór

### Laugardagar:

Kl. 16:00 AA.

## Svipmyndir úr kirkjustarfinu



## Samverur eldri borgara

Síðasta sunnudag hvers mánaðar er samvera " heldri borgara " Hún hefst með dagskrá í kirkjunni, þar sem er helgistund, síðan erindi eða frásagnir. Að því loknu er flutt og tónlist og síðan gengið til safnaðarsalarins þar sem framreiddur er léttur kvöldverður og spjallað saman. Fyrsta samveran nú í haust verður **þriðjudaginn 30. september**. Þá flytur Birna Bjarnleifsdóttir dagskrá sem fjallar um Breiðholt fyrir núverandi byggð, einkum um sögu Breiðholtsbæjarins. Hin vinsæla söngkona, Sigrún Hjálmtýsdóttir mun gleðja með söng. **Þriðjudaginn 28. október** verður haldið í hug til Afríku. Sr. Bolli Pétur

Bollason segir þá frá ferð nokkurra presta til Kenýa. Bragi Bergþórsson, ungur og upprennandi söngvari, sér um tónlistina, og mun flytja okkur perlu sem okkur eru kærar. **25. nóvember** er farið að nálgast aðventu-byrjun. Ræðumaður samverunnar þá er sr. Tómas Guðmundsson, fyrrum prestur í Hveragerði og prófastur Árnesinga. Rifjar hann upp reynslu-sögur í nánd jóla. Kirkjukórinn syngur aðventulög. Til samveru-stunda eldri borgara eru allir velkomnir. Vegna matarins þarf að tilkynna þátttöku í síma kirkjunnar, 5670110.



## Fréttir

### Prestastefnan í Seljakirkju

Í júnímánuði var prestastefna íslensku þjóðkirkjunnar haldin í kirkjunni okkar. Þar voru mikil fundahöld á fjórða dag. Til stefnunnar komu flestir prestar kirkjunnar. Lokið var miklu lofsorði á aðstöðu alla í kirkjumiðstöðinni. En eins og við safnaðarfólk vitum er hönnun og skipulag húsa fram sett með það í huga að nota til mikillar starfsemi. Það er nokkuð sem kemur sér vel í safnaðarstarfinu, þar sem flesta daga og kvöld eru margir fundir, söngæfingar og samverur í senn. Það kom mörgum prestunum á stefnunni á óvart hversu góð aðstaðan var. Það var heiður fyrir söfnuðinn að hýsa prestastefnuna, og við gátum verið stolt af kirkjumiðstöðinni okkar eins og ávallt.

### Ameríkuferð kirkjukórsins

Kórfélagar lögðu heldur betur land undir fót, fóru til Bandaríkjanna og Kanada og tóku þátt í Íslendingadeginum þar með löndum okkar Vestanhafs. Ferðin var vel og rækilega undirbúin, sungið víða og flutt góð íslensk tónlist. Má nefna að kórinn söng á Íslendingadögunum í Mountain og í Gimli. Ferðin var kórnum til mikils sóma og kórfélagar komu heim stoltir og hressir. Nú bíður þeirra eins og að venju starf við guðsþjónustur og helgihald safnaðarins. Þar vinnur kórinn mikið starf.



## Gjöf til æskulýðsstarfs kirkjunnar

Gjafir til kirkjunnar fela í sér hug kærleika og þakklætis. Hinar fjölmörgu gjafir vegna glugga í kirkjusalinn bera þess merki. Áformað er að listi yfir gefendur þar verði settur upp í anddyri kirkjunnar. Nú síðsumars barst kirkjunni góð og nytsamleg gjöf. Gréta og Árni B. Sveinsson, Bláskógum 14, færðu safnaðarstarfinu handhægt en vandað orgel með þeim tilmælum að það yrði nýtt við æskulýðsstarfið. Er þar um að ræða hljóðfæri af gerðinni Baldwin, gripur með miklum möguleikum til tónmyndunar. Við metum góðar gjafir og biðjum gefenda blessunar.

## Nýtt hljóðkerfi

Við vígslu Seljakirkju fyrir rúmum tuttugu árum var sett fullkomið hljóðkerfi í kirkjusalinn, bæði fyrir talað orð og tónlist. Það hefur reynst ákaflega vel öll árin. En tíminn vinnur á öllu með mikilli notkun og tækni fleytir hratt fram. Að ráðum færustu manna var ákveðið að endurnýja kerfið. Það var gert. Slíkar framkvæmdir eru kostnaðarsamar, en nauðsynlegar í húsi sem svo mikið notað sem kirkjan okkar. Nokkur reynsla er þegar komin á breytingarnar og er hún góð.

## Sumarnámskeiðin

Á liðnu sumri voru haldin sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum 6 - 10 ára. Námskeiðin voru í júní og ágúst. Dagskráin var byggð upp af fræðslu, leikjum, verkefnagerð og vettvangsferðum. Greinilegt er að þörf er fyrir þennan þátt í starfi safnaðarins og er hann góð viðbót við hið fjölbreytta safnaðarstarf.

# Prestar og starfsfólk Seljakirkju



Sr. Valgeir Ástráðsson,  
soknarprestur



Sr. Bolli Pétur Bollason,  
prestur



Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson,  
prestur



Guðný Skarphéðinsdóttir,  
kirkjuvörður



Guðmundur Guðmundsson,  
kirkjuvörður



Jón Bjarnason,  
tónlistarstjóri

## Þjónusta kirkjunnar

Seljakirkja er starfsmiðstöð safnaðarfólks í Seljasókn. Kirkjan er opin virka daga frá morgni fram á kvöld. Það er hægt að koma til kirkjunnar sinnar og eiga þar stund með Guði, bæði í einrúmi og með öðrum. Í starfi kirkjunnar er boðið fram það sem er til þjónustu fyrir alla aldurflokka.

Guðsþjónusta safnaðarins er sá þáttur starfsins sem mikilvægast er að rækja.

Þar kemur söfnuðurinn saman til þess að biðja, fræðast og þakka. Þar er vettvangur fyrir alla fjölskylduna sameiginlega.

Viðtalstímar prestanna eru að jafnaði virka daga kl 11 - 12 og einnig eftir samkomulagi. Sími kirkjunnar er **567 0110**. Þar er einnig tekið við skilaboðum til starfsmanna.

Heimasíða er [www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)



### **Almennar guðsþjónustur sunnudaga kl. 14**

Guðsþjónustur sunnudagsins er mikilvægasti þáttur safnaðarstarfsins. Þar er komið saman og sameiginlega beðið. Þátttaka í sambæn safnaðarins er skylda hvers kristins manns og jafnframt tækifæri hans. Í guðsþjónustunni er boðað orð Guðs, nauðsynleg áminning og fræðsla fyrir kristið fólk. Við guðsþjónustur Seljakirkju er lögð áhersla á almenna þátttöku. Altarisganga er síðasta sunnudag hvers mánaðar.

### **Barnaguðsþjónustur sunnudaga kl. 11**

Þær guðsþjónustur eru ætlaðar börnum og foreldrum þeirra. Fræðsla er miðuð við þarfir barnanna og skilning. Lögð er áhersla á mikinn söng og þátttöku allra.

### **Kvöldguðsþjónustur**

Þriðja sunnudag hvers mánaðar eru einnig kvöldguðsþjónustur, sem hefjast kl. 20. Prestar kirkjunnar þjóna þar en Þorvaldur Halldórsson stjórnar tónlistinni. Við hverja kvöldguðsþjónustu er altarisganga.

### **Fyrirbænauguðsþjónustur miðvikudaga kl. 18**

Þar er beðið fyrir einstaklingum og hópum. Fyrirbænaefnum má koma til skrifstofu kirkjunnar. Þar eru allir velkomnir. Það er gott að geta sjálfur borið fram bænaefni í kirkjunni sinni.

### **Guðsþjónustur Skógarbæ**

Síðasta sunnudag hvers mánaðar eru guðsþjónustur í Skógarbæ. Þær hefjast kl. 16. Prestar kirkjunnar sjá einnig um reglulegar heimsóknir og helgistundir í Skógarbæ. Guðsþjónusturnar þar eru að sjálfsögðu öllum opnar

### **Mömmumorgnar þriðjudaga kl. 10**

Komið er saman til skrafs, skemmtunar fróðleiks. Umsjón með þessum stundum hefur Sigríður Helgadóttir.

### **Menningarvaka "heldri borgara"**

Síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann eru samverur fyrir heldri borgara. Þær hefjast kl. 18. Við kjósum að kalla þær fyrir heldri borgara. Fluttar eru frásagnir og vönduð dagskrá. Það er tengt skemmtun og spjalli. Við lok hverrar samveru er léttur málsverður. Vegna matarins þarf að tilkynna þátttöku á skrifstofu kirkjunnar.

### **Kvenfélag Seljasóknar**

Fundir kvenfélagsins eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þar er fengist við fjölbreytt efni, skemmtun, fræðsla og námskeið. Formaður kvenfélagsins er Ragnheiður Baldursdóttir.

### **Biblíulestrar**

Biblían er bók bókana, lifandi uppspretta Guðs orðs. Þekking á Ritningunni færir með sér blessun. Annan hvern miðvikudag er fræðsla um Biblíuna. Hver samvera hefst kl. 19:30. Þar er fyrirlestur og umræður. Byggt er á hinum viðamiklu rannsóknum vísindamanna í nútímabiblíufræðum. Á þessum vetri er fjallað um Faðir vor, bænin sem er mest notuð og öllum kær. Þátttaka er öllum heimil og ekki eru greidd námskeiðsgjöld. Sr. Valgeir flytur fyrirlesturana og stýrir umræðum.

### **Fermingarfræðsla**

Sú fræðsla fylgir upphafi skólastarfs að hausti. Fermingar hefjast í lok marsmánaðar. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra undirbúa ferminguna til þess tíma. Fermingartímar eru samkvæmt stundarskrá hvers bekkjar.

### **Æskulýðsfélagið Sela**

Æskulýðsfélagið er vettvangur fyrir unglínga safnaðarins. Þar er skemmtilegt umhverfi hressra unglínga. Yngri deildin er fyrir 8. bekk og hittist í kirkjunni á þriðjudagskvöldum kl. 20 og eldri deildin, sem er fyrir 9. og 10. bekk hittist á mánudagskvöldum kl. 20. Umsjónarfólk er sr. Ólafur Jóhann, Guðbjörg Sigríður Hauksdóttir og Helga Jóhanna Harðard.

### **K.F.U.K. í Seljakirkju mánudaga kl. 17:30**

Fundir eru fyrir stelpur 9 - 12 ára. Fundaefni eru fjölbreytt, fræðsla, leikir, söngvar og gaman. Umsjón hafa Margrét Reynisdóttir og Sólveig Reynisdóttir.

### **K.F.U.M. í Seljakirkju fimmtudaga kl. 17:30**

Það eru fundir fyrir stráka 9 - 12 ára. Þar hittast hressir strákar við margskonar skemmtileg viðfangsefni. Umsjón er í höndum sr. Ólafs, Boga Benediktssonar og Gunnars Gunnarssonar.

### **Barnakór Seljakirkju**

Kórarnir æfa til þátttöku í athöfnum kirkjunnar. Þar fer fram þjálfun í raddbeitingu og framkomu. Stjórnandi barnakórsins er Anna Jónsdóttir. Æfingar eru á þriðjudögum kl. 15 og fimmtudögum kl. 15.

### **Kór Seljakirkju**

Kirkjukórinn leiðir söng við guðsþjónustur safnaðarins og flytur einnig fjölbreytta tónlist þar. Kennir raddbeitingu. Æfingar kirkjukórsins eru fimmtudaga kl. 19:30. Stjórnandi kórsins er Jón Bjarnason, organisti kirkjunnar.

### **Seljur, kór kvenfélagsins**

Seljurnar eru kvennakór, þar sem er fjölbreytt efnisskrá og hress félagsandi. Æfingar kórsins eru miðvikudaga kl. 20. Stjórnandi Seljanna er Svava Ingólfsdóttir.

### **AA fundir**

Í Seljakirkju starfa fjórar deildir. Opnir fundir eru á sunnudagskvöldum kl. 21. Sporadeildarfundir eru mánudaga kl. 19:30. Almennir AA fundir eru á fimmtudögum kl. 19 og laugard. kl. 16.

Nánari upplýsingar um kirkjustarfið er á  
[www.seljakirkja.is](http://www.seljakirkja.is)

